



**Vorráðstefna
Jarðfræðafélags Íslands**

Ágrip erinda og veggspjalda

Haldin í Öskju,
náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands
8. apríl 2016



**Vorráðstefna
Jarðfræðafélags Íslands**

Ágrip erinda og veggspjalda

Haldin í Öskju,
náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands
8. apríl 2016

Umsjón:

Sigurlaug María Hreinsdóttir, Lúðvík E. Gústafsson, Þorsteinn
Sæmundsson, Erla María Hauksdóttir, Sýlvía Rake! Guðjónsdóttir,
Esther Ruth Guðmundsdóttir og Björn Harðarson

Dagskrá Vorráðstefnu JFÍ, 8. apríl 2016

Erindi

08:30 – 09:00 Skráning

- 09:00 – 09:05 Setning
Sigurlaug María Hreinsdóttir
- 09:05 – 09:20 Ambient noise tomography of Eyjafjallajökull
Ásdís Benediktsdóttir
- 09:20 – 09:35 Gabbro heatsource and a geothermal system
Hjalte Franzson
- 09:35 – 09:50 Goshverir á Reykjanesi fyrr og nú
Auður Agla Óladóttir
- 09:50 – 10:05 Cation exchange capacity (CEC) analysis in well KJ-18 in Krafla and HE-42 and HE-46 on Hellisheiði, and the relation to electrical resistivity logs and alteration mineralogy
Heimir Ingimarsson
- 10:05 – 10:20 FUTUREVOLC: Overview of results and products
Freysteinn Sigmundsson

10:20 – 10:50 Kaffi

- 10:50 – 11:05 The chemical composition of the annual winter precipitation on the Vatnajökull glacier affected by the 2014/2015 Bárðarbunga eruption, Iceland
Iwona Galeczka
- 11:05 – 11:20 Hvað olli hlaupinu frá Hamarskatlinum æi vestur Vatnajökli í júlí, 2011?
Eyjólfur Magnússon
- 11:20 – 11:35 The Jan Mayen microcontinent (JMMC) evolution and link to the formation of the Greenland-Iceland-Faroe ridge complex
Anett Blischke
- 11:35 – 11:50 Jarðfræðikort af landgrunninu
Árni Hjartarson
- 11:50 – 12:05 Aldurslíkan byggt á hraða landlyftingar og hallabreytinga fornra strandlína
Hreggviður Norðdahl

12:05 – 13:00 Hádegishlé

- 13:00 – 13:15 The world's earliest Aral Sea distaster 1800 years before present
Steffen Mischke
- 13:15 – 13:30 Ground deformation in the Northern Volcanic Zone of Iceland on Krafla and Bjarnarflag area, 1993-2015
Vincent Drouin

Vorráðstefna Jarðfræðafélags Íslands
8. apríl 2016

- 13:30 – 13:45 Mælingar á radoni í heitu og köldu vatni
Finnbogi Óskarsson
- 13:45 – 14:00 Mantle CO₂ degassing through the Icelandic crust evidenced from
carbon isotopes in groundwater
Andri Stefánsson
- 14:00 – 14:15 Jarðvarkort af landgrunni Íslands
Ögmundur Erlendsson
- 14:15 – 14:30 Umhverfisáhrif Bárðarbungugossins 2014-2015
Sigurður Reynir Gíslason
- 14:30 - 15:00 Kaffi og veggspjald**
- 15:00 – 15:15 Grunnvatnstengsl milli sprungusveima í norðaustur gosbeltinu í ljósi
samsætumælinga á jarðhitavatni
Árný Erla Sveinbjörnsdóttir
- 15:15 – 15:30 Subducted lithosphere controls halogen enrichments in the Iceland
mantle plume source
Sæmundur Ari Halldórsson
- 15:30 – 15:45 Framrásir jökuls í Melasveit á síðjökultíma samkvæmt rannsóknum á
aflögun setlaga
Þorbjörg Sigfúsdóttir
- 15:45 – 16:00 Áhrif eldossins í Bárðarbungu 2014-2015 á styrk og framburð leystra
efna í Fellsá í Fljótsdal
Eydís Salóme Eiríksdóttir
- 16:00 – 16:15 Draumlínur og landslag undir Múlajökli
Ívar Örn Benediktsson
- 16:15 - Móttaka í boði Jarðfræðafélags Íslands**

Veggspjald

Airborne dust from source to city

Throstur Thorsteinsson, Thomas Mockford, Joanna Bullard and Sibylle von
Löwis of Menar

Vorráðstefna Jarðfræðafélags Íslands
8. apríl 2016

Efnisyfirlit

Dagskrá Vorráðstefnu JFÍ, 8. apríl 2016	i
Erindi	i
Veggspjald	iii
Efnisyfirlit	v
Ávarp formanns	vii
Mantle CO ₂ degassing through the Icelandic crust evidenced from carbon isotopes in groundwater	2
Andri Stefánsson ¹ , Árný E. Sveinbjörnsdóttir ¹ , Jan Heinemeier ² , Stefán Arnórsson ¹ , Ríkey Kjartansdóttir ¹ and Hrefna Kristmannsdóttir ³	
The Jan Mayen microcontinent (JMMC) evolution and link to the formation of the Greenland-Iceland-Faroe ridge complex	3
A. Blischke ¹ , C. Gaina ² , Ö. Erlendsson ³ and B. Brandsdóttir ⁴	
Goshverir á Reykjanesi fyrr og nú	5
Auður Agla Óladóttir og Finnogi Óskarsson	
JARÐFRÆÐIKORT AF LANDGRUNNINU	7
Árni Hjartarson og Ögmundur Erlendsson	
Grunnvatnstengsl milli sprungusveima í norðaustur gosbeltinu í ljósi samsætumælinga á jarðhitavatni	9
Árný E. Sveinbjörnsdóttir	
Ambient noise tomography of Eyjafjallajökull	10
Ásdís Benediktsdóttir ¹ , Ólafur Guðmundsson ² , Bryndís Brandsdóttir ¹	
Áhrif eldgossins í Bárðarbungu 2014 til 2015 á styrk og framburð leystra efna í Fellsá í Fljótsdal	11
Eydís Salome Eiríksdóttir ^{1,2} , Iwona M. Galeczka ^{1,3} og Sigurður Reynir Gíslason ¹	
Hvað olli hlaupinu frá Hamarskatlinum í vestur Vatnajökli í júlí, 2011?	13
Eyjólfur Magnússon ¹ , Finnur Pálsson ¹ , Magnús T. Guðmundsson ¹ , Þórdís Högnadóttir ¹ og Cristian Rossi ²	
Mælingar á radoni í heitu og köldu vatni	14
Finnogi Óskarsson og Ragnheiður St. Ásgeirsdóttir	
FUTUREVOLC: Overview of results and products	16
Freysteinn Sigmundsson ¹ , Kristín Vogfjörð ² , Stéphanie Dumont ¹ , Hrafnhildur Valdimarsdóttir ² , Magnús Tumi Guðmundsson ¹ , Ingvar Kristinsson ² , Sue Loughlin ³ , Einar Pétur Heiðarsson ⁴ , Ágúst Gunnar Gylfason ⁴ , Björn Oddsson ⁴ , Evgenia Ilyinskaya ⁵ , Andy Hooper ⁵ , Bob White ⁶ , Chris Bean ⁷ , Arve Kylling ⁸ , Fred Prata ⁹ , Maurizio Ripepe ¹⁰ , Frank Marzano ¹¹ , Claire Witham ¹² , Bo Galle ¹³ , Aofie Braiden ⁷ , Sigrún Hreinsdóttir ¹⁴ , Benedikt G. Ófeigsson ² , Elías Rafn Heimisson ¹ , Vincent Drouin ¹ , Ármann Höskuldsson ¹ , Sara Barsotti ² , Matthew J. Roberts ² , Kristín Jónsdóttir ² , Þórdís Högnadóttir ¹ , Michelle Parks ¹ , Tobias Durig ¹	
Cation exchange capacity (CEC) analysis in well KJ-18 in Krafla and HE-42 and HE-46 on Hellisheiði, and the relation to electrical resistivity logs and alteration mineralogy	17
Heimir Ingimarsson ¹ , Tobias Björn Weisenberger ¹ , Gylfi Páll Hersir ¹ and Ólafur G. Flóvenz ¹	
Gabbro heatsource and a geothermal system	19
Hjalti Franzson	
Aldurslíkan byggt á hraða landlyftingar og hallabreytinga fornra strandlína	20
Hreggviður Norðdahl	

Vorráðstefna Jarðfræðafélags Íslands

8. apríl 2016

Draumlínur og landslag undir Múlajökli	21
Ívar Örn Benediktsson ¹ , Jeremy Everest ² , Andrew Finlayson ² , Ólafur Ingólfsson ^{1,3} , Neal R. Iverson ⁴ , Mark D. Johnson ⁵ , Sverrir A. Jónsson ¹ , Eyjólfur Magnússon ¹ , Emrys Phillips ² , Anders Schomacker ^{6,7} , Lucas Zoet ⁸	
The chemical composition of the September-March Vatnajökull snow affected by the 2014/2015 Bárðarbunga eruption, Iceland	22
Iwona Galeczka ^{1,2} , Eydis Salome Eiríksdóttir ¹ , Finnur Pálsson ¹ , Rósa Ólafsdóttir ¹ , Elín Björk Jónasdóttir ³ , Sigurdur R. Gíslason ¹	
Subducted lithosphere controls halogen enrichments in the Iceland mantle plume source... ..	24
Sæmundur A. Halldórsson ¹ , Jaime D. Barnes ² , Andri Stefánsson ¹ , David R. Hilton ³ , Erik H. Hauri ⁴ , Edward W. Marshall ²	
Umhverfisáhrif Bárðarbungugossins 2014 – 2015	26
Gíslason S.R. ¹ , I.M. Galeczka ¹ , E.S. Eiríksdóttir ¹ , G. Stefánsdóttir ² , M.A. Pfeffer ² , S. Barsotti ² , Þ. Jóhannsson ³ , E. Bali ¹ , O. Sigmarsson ^{1,4} , A. Stefánsson ¹ , N.S. Keller ¹ , Á. Sigurdsson ² , B. Bergsson ^{2,5} , B. Galle ⁶ , V.C. Jacobo ⁶ , S. Arellano ⁶ , A. Aiuppa ⁵ , E.B. Jónasdóttir ² , S. Jakobsson ¹ , G.H. Guðfinnsson ¹ , S.A. Halldórsson ¹ , H. Gunnarsson ¹ , B. Haddadi ⁴ , I. Jónsdóttir, Þ. Þórðarson ¹ , M. Riishuus ¹ , Þ. Högnadóttir ¹ , T. Dürig ¹ , G.B.M. Pedersen ¹ , Á. Höskuldsson ¹ og M.T. Guðmundsson ¹	
The world's earliest Aral Sea disaster 1800 years before present.....	29
Steffen Mischke ¹ , Chenglin Liu ² , Jiafu Zhang ³ , Chengjun Zhang ⁴ , Hua Zhang ²	
Ground deformation in the Northern Volcanic Zone of Iceland, focus on Krafla and Bjarnarflag area, 1993-2015	30
Vincent Drouin ¹ , Freysteinn Sigmundsson ¹ , Sigrún Hreinsdóttir ²	
Framrásir jökuls í Melasveit á síðjökultíma samkvæmt rannsóknum á aflögun setlaga	31
Þorbjörg Sigfúsdóttir ^{1,2} , Ívar Örn Benediktsson ¹ , Emrys Phillips ³	
Airborne dust from source to city	32
Throstur Thorsteinsson ¹ , Thomas Mockford ² , Joanna Bullard ² and Sibylle von Löwis of Menar ³	
Jarðvarkort af landgrunni Íslands	34
Ögmundur Erlendsson og Árni Hjartarson	

Ávarp formanns

Kæru félagar,

verið hjartanlega velkomin á Vorráðstefnu Jarðfræðafélagsins 2016. Eins og glöggir félagar tóku eftir var ráðstefnunni seinkað í ár. Undirrituð klúðraði bókun á salnum og þykir það miður. Ég nenni þó ekki að skammast mín lengi, því nú veit ég hvenær Háskóli Íslands opnar fyrir vorbókanirnar og mun verða fyrst allra til að hringja inn bókun fyrir vorið 2017.

Stúdentar verða hér þónokkrir í dag og hvet ég þá til að kynna sér starfsemi félagsins og taka þátt. Einnig hvet ég félagsmenn til að gefa stúdentum gaum, þeir eru jú framtíðin.

Það fer annars að styttest í annan endann á formennsku minni þar sem ég er nú um það bil að klára þriðja árið af fjórum sem leyfilegt er að starfa sem formaður Jarðfræðafélagsins.

Ég hvet þá sem áhuga hafa á félagsstörfum JFÍ að koma og ræða við mig málin, ég mun taka vel á móti ykkur.

f.h. Jarðfræðafélags Íslands
Sigurlaug María Hreinsdóttir, formaður

Vorráðstefna Jarðfræðafélags Íslands
8. apríl 2016

Ágrip erinda

Mantle CO₂ degassing through the Icelandic crust evidenced from carbon isotopes in groundwater

Andri Stefánsson¹, Árný E. Sveinbjörnsdóttir¹, Jan Heinemeier², Stefán Arnórsson¹, Ríkey Kjartansdóttir¹ and Hrefna Kristmannsdóttir³

¹ Institute of Earth Sciences, University of Iceland, Sturlugata 7, 101 Reykjavík, Iceland

² AMS 14C Dating Laboratory, Institute of Physics and Astronomy, University of Aarhus, DK-8000 Denmark

³ University of Akureyri, Sólborg, 600 Akureyri, Iceland

Carbon isotopes ($\delta^{13}\text{CO}_2$ and $^{14}\text{CO}_2$) of groundwater in Iceland were studied in order to determine the source and reactions of carbon in Iceland not associated with active volcanic systems. All the waters were of meteoric origin, with temperatures of 1-130°C, pH of ~4.5-10.5 and dissolved inorganic carbon (ΣCO_2) between 1.8 and 4100 ppm. The measured range of $\delta^{13}\text{CO}_2$ and $^{14}\text{CO}_2$ was -27.4 to +2.0 ‰ and 0.6 to 118 pMC, respectively.

The source and reactions of dissolved inorganic carbon were studied by comparing the measured chemical and isotope composition with those simulated using isotope geochemical models. Three major sources of CO₂ were identified: (1) dissolution of partially degassed basaltic rocks formed at the surface or shallow depths, (2) atmospheric CO₂ through air-water exchange at surface, and (3) input of gas at depth into the groundwater systems that has similar carbon and isotope composition as the pre-erupted melt of the upper mantle and lower crust beneath Iceland. In the groundwater systems the CO₂ chemistry and isotope content are modified due to carbonate mineral precipitation and changes in aqueous species distribution upon progressive water-rock interaction, these changes needed to be quantified in order to reveal the various CO₂ sources.

The CO₂ flux of the Icelandic crust was estimated to be $\sim 5\text{-}10\cdot 10^{10}$ mol/yr with as high as 50% of the flux not associated with active volcanic centers but placed off-axis where significant proportion of the CO₂ may originate from the mantle. The mantle input of the groundwater off-axis correspond to CO₂ partial pressures of $\sim 10^{-6}$ to 1 bar and to mantle CO₂ flux of $< 5\cdot 10^5$ mol/km²/yr for most areas and up to $125\cdot 10^5$ and $1600\cdot 10^5$ for the Southern Lowlands and Snæfellsnes, respectively. The CO₂ flux from active volcanic geothermal systems in Iceland was estimated to be $\sim 500\text{-}3000\cdot 10^5$ mol CO₂/km²/yr, considerably greater than the highest values observed off-axis.

The Jan Mayen microcontinent (JMMC) evolution and link to the formation of the Greenland-Iceland-Faroe ridge complex

A. Blischke¹, C. Gaina², Ö. Erlendsson³ and B. Brandsdóttir⁴

¹ Iceland GeoSurvey, Branch at Akureyri, Rangárvöllum, 602 Akureyri, Iceland

² Centre for Earth Evolution and Dynamics (CEED), University of Oslo, Sem Sælands vei 24, P.O. Box 1048, Blindern, NO-0316 Oslo, Norway

³ Iceland GeoSurvey, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík, Iceland

⁴ Institute of Earth Science, Science Institute, University of Iceland, Askja, Sturlugata 7, 101 Reykjavík, Iceland

Keywords:

Geochronology, Greenland-Iceland-Faroe Ridge complex, Iceland Plateau, Jan Mayen, microcontinent, kinematic model, plateau basalts, pre-breakup formations, rift transition, seaward dipping reflectors, Southern Ridge Complex, volcanic facies.

Abstract:

We present a review of Tertiary rift systems association with the Jan Mayen microcontinent (JMMC) – a submerged feature situated northeast of Iceland. This work is based on review and interpretation of commercial and publicly available geophysical and borehole data collected offshore Iceland since the early 1970's. The kinematic evolution of JMMC is presented in the context of the North Atlantic opening, the formation of the Jan Mayen fracture zone, and the evolution of the transfer system bordering the Greenland-Iceland-Faroe Ridge complex, is viewed in perspective of present day rift processes in Iceland. Furthermore were processes affecting the microcontinent along the Iceland-Faroe transfer system compared with on reflection seismic data mapped structures along the Iceland-Faroe Ridge area.

The Cenozoic structural evolution of the Jan Mayen microcontinent and surrounding oceanic crust includes six main phases, which correspond with several major unconformities and related structures observed across the microcontinent, the central East Greenland margin, and the Iceland-Faroe Ridge area. Important events include: (1) the pre-break-up unconformity formation (56 – 55 Ma) and emplacement of Early Eocene plateau basalts across the microcontinent, the Iceland- and Faroe Plateaus, and the Blosseville Kyst region; (2) the break-up to rift phase, starting around 55 Ma and the formation of lava flows forming seaward dipping reflectors along the east and southeast flanks of the microcontinent, followed by the initiation of seafloor spreading in the Norway Basin along the Ægir Ridge during Early Eocene (C24n2r, 53.36 Ma); (3) the initiation of the Iceland Plateau at the southernmost tip of the Ægir Ridge rift system during the Early Eocene (C22n, 49.3 Ma); (4) change from orthogonal to oblique seafloor spreading along the Ægir Ridge, during mid-Eocene (C21n-r, 47-44 Ma), accompanied by formation of transform systems and uplift along the JMMC southern flank, and occurrence of igneous activity, e.g. intrusions along the northeastern margin of the Blosseville Kyst and southeastern flank of the JMMC; (5) a ridge relocation via a southeast to northwest en-echelon ridge system from the southern extent of the microcontinent during Late Eocene to Early Oligocene (C13n, 33.1 Ma). This oblique extension resulted in the opening of the Jan Mayen basin and the formation of a series of

small pull-apart basins along the northwestern flank of the Jan Mayen microcontinent; and (6) seafloor spreading cessation in the Norway basin around 22 Ma, followed by the final break-up along the Jan Mayen microcontinent western margin during the early Miocene (C6b, 22.2-21.7 Ma) and the northward propagation of the fully established Kolbeinsey Ridge.

Goshverir á Reykjanesi fyrr og nú

Auður Agla Óladóttir og Finnbogi Óskarsson

Íslenskar Orkurannsóknir (ISOR)

Goshverir eru eitt af yfirborðseinkennum jarðhita og það fyrirbæri sem oft hefur vakið hvað mesta athygli allra náttúrulegara jarðhitafyrirbæra. Goshverir eru nú þekktir víða um heim en Geysir í Haukadal er enn einna frægastur þessara fyrirbæra, vegna langrar sögu sinnar og vegna frumrannsókna sem gerðar voru á honum á 19. og fyrir hluta 20. aldar en heimildir eru um Geysissvæðið sjálft allt frá 13. öld. Goshverir verða til við frekar sértækar aðstæður og eru oft skammlíf fyrirbæri. Myndun þeirra er aðallega háð þremur þáttum; hita, vatni og hentugu lagnakerfi. Lítið þarf til að raska jafnvægi milli þessara þátta og getur breyting í varmastraumi sem berst að neðan inn í gosrásina eða breyting á því varmatapi sem verður um yfirborð breytt hegðun goshveranna. Einnig geta útfellingar og jarðhræringar breytt aðstæðum í gosrás hvera.

Hér á landi eru goshverir þekktir frá nokkrum stöðum á landinu þó fæstir séu virkir sem goshverir nú. Frægasta svæðið er vitaskuld Geysissvæðið í Haukadal þar sem Strokkur og Geysir hafa skipað stærstan sess en auk þess hafa Smiður og Óperrishola gosið, jafnframt voru öflugir goshverir í Reykjahverfi í S-Þingeyjarsýslu þar sem a.m.k. eru þekktir fjórir goshverir, Uxahver, Strútshver, Syðstihver og Ystihver en enginn þeirra er nú sérlega virkur sem goshver. Af öðrum svæðum hérlandis má nefna Bláhver á Hveravöllum á Kili, Grýlu í Ölfusi, Árhver í Reykjadalssá í Borgarfirði og hver í jarðhitasvæðinu á Reykjanesi.

Jarðhitasvæðið á Reykjanesi hefur lengi verið umtalað vegna hverabreytinga og jarðskjálfta og oft hafa þessir atburðir farið saman. Þar hafa komið fram goshverir nokkrum sinnum en einnig horfið aftur. Jarðhitasvæðið er eitt það best rannsakaða á landinu og ýmisleg starfsemi hefur verið í nágrenni jarðhitafyrirbæra. Árið 1878 var byggður viti á Reykjanesi og hófst þar þá föst búseta vitavarðar á svæðinu sem skráði niður jarðskjálfta og aðra atburði. Margir komu á jarðhitasvæðið og skrifuðu lýsingar á fyrirbærum sem þar voru, til að mynda Jón Hjaltalín landlæknir (1863), W.L. Watts (1875) og Þorvaldur Thoroddsen (1883) en aldrei er minnst á neinn goshver á svæðinu.

Árið 1905 kom Walter von Knebel að jarðhitasvæðinu á Reykjanesi og lýsti hann þá nýjum leirhver á svæðinu en hann gaus ekki þá. Ári síðar var leirhver þessi farinn að gjósa og var honum lýst af F.V. Brinch vitaverkfræðingi. Gaus hverinn saltvatni í 10-12 m hæð, gosin byrjuðu með gufublæstri og komu á um hálf tíma fresti. Árið 1914 var hann enn virkur þegar Jón Trausti var þarna á ferð. Þessi hver fékk nafnið Reykjanes-Geysir eða Litli-Geysir. Árið 1930 gaus hann ekki lengur. Á jarðhitasvæðinu á Reykjanesi er áberandi hóll sem nefndur er Kísilhóll. Kísilhellan þekur efsta hluta hólans og sýnir að Reykjanes-Geysir var ekki fyrsti sjóhverinn á svæðinu þó hann sé sá elsti sem þekktur er af rituðum heimildum.

Árið 1919 urðu jarðskjálftar á Reykjanesi og þá myndaðist upp úr því leirhver um 20 m frá Reykjanes-Geysi. Þessi var kallaður Hverinn 1919 eða bara 1919. Hann var leirhver í nokkur ár en fór að gjósa eftir jarðskjálfta 1926. Gosin lögðust af sama ár. 1930 þegar Guðmundur G. Bárðarson kom að honum var honum lýst sem sjóðandi sjóhver en eftir 1940 er hans ekki getið. Báðir þessir hverir voru staðsettir sunnan við núverandi akveg og sunnan við virkni svæðisins og er enginn leirhver á þessu svæði í dag.

Árið 1967 bar til tíðinda á Reykjanesi. Í tengslum við jarðskjálfta á Reykjanesi árið 1967, rumskuðu goshverirnir tveir við sér. Hverinn 1919 lifnaði við sem gufuhver og síðar leirhver

sem tók að gjósa viku síðar 10-15 m háum gosum og endaði sem sjóðandi saltvatnshver með gosum á um hálf tíma fresti í um áratug. Leirhver kom fram þar sem Reykjanes-Geysir var áður. Jón Jónsson fylgdist með þróun hveranna fyrstu daga og vikur eftir að þeir mynduðust og lýsir því að hverirnir hafi soðið mjög ákaft og að fyrstu dagana hafi þeir verið leirhverir en orðið síðan tiltölulega hreinir vatnshverir. Talað var um goshverina á Reykjanesi sem einstæð fyrirbæri á jörðinni þar sem vatnið í þeim var salt. Fljótlega eftir að jarðhitaboranir hófust á Reykjanesi lögðust goshverirnir af og sjást nú nánast engin merki um þá. Þessi viðbrögð goshveranna við borunum og nýtingu svæða hafa komið fram víðar svo sem í Rotorua og Wairakei jarðhitasvæðunum á Nýja-Sjálandi.

Í september árið 2014 varð ljóst að sögu goshvera á Reykjanesi var ekki lokið. Í lok ágúst og byrjun september varð jarðskjálftahrina á Reykjanesi og í kjölfar hennar urðu töluverðar breytingar á jarðhitavirkni á Reykjanesi. Mest áberandi hverinn við útsýnispallana, Gunnuhver, færði sig um 40 m til suðurs, úr stórrí og djúpri skál sem hann var í um 6 ára skeið yfir í ummyndað sundurskorið leirflag á svipaðar slóðir og hann hafði verið áður. Töluvert langt frá útsýnispöllumunum til norðvesturs, á flatanum nærri Gráa lóninu var síðan leirhver farinn að gjósa. Í nokkur ár hafði þarna verið stór og mjög ólgandi leirhver en aldrei hafði orðið vart við gos í honum. Fyrst eftir að hann byrjaði að gjósa, gaus hann á um 8-10 mín fresti. Hæð stróksins var áætluð 10-20 metrar og í hverju gosi komu upp margar öflugar spýjur og gosin stóðu yfir í 1-2 mínútur. Þessi goshver hefur ekki hlotið formlegt nafn ennþá en verið kallaður nýi goshverinn eða Drullugeysir. Í febrúar 2015 hafði goslotan lengst í 20-25 mínútur og nú í apríl 2016 gýs hverinn sjaldnar en þó oft á dag. Vökvinn er dökkgrár að lit, lítt saltur, með sýrustig um 4,7 og virðist ekki hafa breyst að ráði.

JARÐFRÆÐIKORT AF LANDGRUNNINU

Árni Hjartarson og Ögmundur Erlendsson

Íslenskar Orkurannsóknir, ÍSOR, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík


Á haustfundi Jarðfræðafélagsins 2015 var gerð grein fyrir fjölþjóðlegu rannsóknarverkefni sem ÍSOR hefur tekið þátt í og nefnist EMODnet-verkefnið (Árni Hjartarson og Ögmundur Erlendsson 2015, Ögmundur Erlendsson og fl. 2015). Skammstöfunin stendur fyrir European Marine Observation Data Network og er, eins og nafnið bendir til, ætlað að draga saman gögn er varða alhliða hafrannsóknir, samræma þau og gera aðgengileg á veraldarvefnum. Sérstakur hópur fæst við jarðfræði hafsbotnsins. Hér verður haldið áfram að gera grein fyrir einstökum þáttum verkefnisins. Einn af þeim er jarðfræði berggrunnsins (Submarine bedrock geology). Lögð er áhersla á tvenns konar jarðfræðikort að alþjóðlegri siðvenju sem eru kvarter kort (Quaternary map) og forkvater kort (pre-Quaternary map). Þessi skipting fellur ekki vel að íslenskum aðstæðum og það vantar meira að segja almennilegt íslenskt nafn á síðarnefnda kortið. Í alþjóðlegu samstarfi verður samt að beygja sig undir hana. Víðast utan Íslands sýnir kvarter kortið hreinlega óharðnaða eða hálfharðnaða setlagahulu sem liggur ofan á mun eldra bergi (pre Quaternary bedrock). Hérlandis vandast málið því kvarter og forkvarter marka ekki sambærileg skil og erlendis og hluti af hinum kvarteru jarðmyndunum ganga niður í gegn um alla jarðskorpuna á um 50 km breiðu svæði í gliðnunarbeltunum. Kvartera kortið af íslenska landgrunninu sýnir setlagabekjuna sem víðast hvar hylur berggrunninn. Innri gerð setlaganna er illa þekkt. Hér er þessum setum einfaldlega skipt upp í tvo flokka eftir setmyndunaraðstæðum í jökulættað sjávarset (glaciomarine sediment) og úthafsset (bathyal sediment). Jökulættaða sjávarsetið er á landgrunninu allt frá ströndum og út á landgrunnsbrún en úthafssetið tekur við í landgrunnshlíðunum. Á seinni stigum mun þessum flokkum fjölga og þá koma til sögunnar árósamyndanir og ýmis konar strandset, jökuljaðarmyndanir, botnurðarmyndanir og margt fleira. Víða má gera ráð fyrir að ekkert eða afar þunnt set sé til staðar t.d. á ungum gosmyndunum við neðansjávarhryggina. Svo stingur eldri berggrunnur upp kollinum með ströndum fram og víðar.

Forkvartera kortið sýnir gerð berggrunnsins. Berggrunninum er skipt í þrjá meginflokka eða skorpugerðir, úthafsskorpu (oceanic crust), Íslandsskorpu (Icelandic type crust) og meginlandsskorpu. Þar er um að ræða Jan Mayen skorpufllísina. Auk þessa verður að sýna kvartera skorpu sem á þó illa heima á forkvarteru korti. Á kortinu sjást líka megineldstöðvar á landgrunninu og sæfjöll.

Gert hefur verið kort sem sýnir aldur berggrunnsins í kring um landið. Þar er að langmestu leyti stuðst við segulmælingar því beinar aldursgreiningar eru ekki til°. Þar kemur vel fram hvernig hafsbotninn eldist með aukinni fjarlægð frá gliðnunarbeltunum og athyglisverðar undantekningar frá þeirri meginreglu.

Margt annað fylgir þessum flokki korta, svo sem höggun og jökulmenjar á landgrunninu en gerð var grein fyrir þeim á haustfundi JFÍ 2015.

Vorráðstefna Jarðfræðafélags Íslands
8. apríl 2016



Forkvartert kort af hafsvæðunum kring um Ísland (drög frá mars 2016)

Heimildir

Árni Hjartarson og Ögmundur Erlendsson 2015. *Jöklun á landgrunninu*. Haustráðstefna Jarðfræðifélags Íslands 2015. Bls. 3-4.

Ögmundur Erlendsson, Árni Hjartarson, Guðrún Helgadóttir, Jónas Páll Jónsson, Steinunn Hilma Ólafsdóttir og Julian M. Burgos 2015. *Botngerð og laus jarðlög á landgrunni Íslands*. Haustráðstefna Jarðfræðifélags Íslands 2015. Bls. 28-29.


Grunnvatnstengsl milli sprungusveima í norðaustur gosbeltinu í ljósi samsætumælinga á jarðhitavatni.

Árný E. Sveinbjörnsdóttir

Jarðvísindastofnun Háskólans, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík

Norðaustur gosbeltið einkennist af vel afmörkuðum eldstöðvakerfum, sem hvert um sig inniheldur megineldstöð, sprungusveim og háhitakerfi. Samsætumælingar á jarðhitavatni benda bæði til flókins innstreymis á jarðhitavatni inn í kerfin og að jarðfræðilega sé uppbygging þeirra flókin. Samsætugildin spanna breitt bil bæði innan kerfa og á milli þeirra. Súrefnishliðrun er einnig mjög breytileg frá um 1‰ til 7‰. Samkvæmt niðurstöðum samsætumælinga er jarðhitavökvinn talinn blanda af svæðisbundinni og lengra að kominni úrkomu og eldra grunnvatni.

Á yfirborði eru eldstöðvakerfin og sprungusveimarnir áberandi og vel afmarkaðir. Grunnvatnsstreymi er talið stjórnað af sprungum og því álitid að það fylgi sprungusveimum en sé lítið sem ekkert á milli þeirra. Samsætumælingar hafa sýnt merki um möguleg tengsl jarðhitasvæða sem tilheyra mismunandi sprungusveimum. Í fyrirlestrinum verður fjallað um niðurstöður samsætumælinga úr sprungusveimum og hvernig þær geta varpað ljósi á grunnvatnsstreymi innan jarðhitakerfanna.



Myndirnar sýna eldstöðvakerfin innan NAU gosbeltisins (Ásta R. Hjartardóttir og fl., 2012) og niðurstöður samsætumælinga úr borholum (Árný E. Sveinbjörnsdóttir og fl., 2015).

Heimildir:

Árný E. Sveinbjörnsdóttir, Halldór Ármannsson, Finnbogi Óskarsson, Magnús Ólafsson og Sigurður Markússon. Proceedings World Geothermal Congress, Melbourne, Australia, 19-25 April, 2015.

Ásta R. Hjartardóttir, Páll Einarsson, Bramham, E., and Wright, T. The Krafla fissure swarm, Iceland, and its formation by rifting events, Bull Volcanol, (2012), 74, 2139-2153.

Ambient noise tomography of Eyjafjallajökull

Ásdís Benediktsdóttir¹, Ólafur Guðmundsson², Bryndís Brandsdóttir¹

¹ Nordic Volcanological Center, University of Iceland, Reykjavík Iceland.

² Department of Earth Sciences, Uppsala University, Uppsala Sweden.

We present the first tomography model of Eyjafjallajökull volcano south Iceland, using ambient noise tomography collected over 7 months on a dense network of temporary seismometers deployed prior to and during the 2010 eruption, in addition to the permanent SIL network operated by the Icelandic Meteorological Office. Cross-correlations between stations enabled us to construct phase-velocity dispersion curves and create phase-velocity maps, for periods between 1.6-6.5 s. From the phase-velocity maps we constructed local dispersion curves and used them to invert for structure in depth. The resulting 3-D shear wave velocity model has a lateral resolution of 5 km and vertical resolution down to 10 km. The 3-D model shows two high-velocity zones, with a velocity of 3 km/s, due east and west of the caldera of Eyjafjallajökull, at approximately 5-7 km depth (Figure 1). The eastern high velocity zone is elongated in the east-west direction, similar to the geological surface features on Fimmvörðuháls, and Eyjafjallajökull. The high velocity zones most likely correspond to intrusive bodies similar to those previously imaged beneath both Tertiary and Neovolcanic central volcanoes in Iceland (Pálmason, 1971; Foulger and Toomey, 1989; Brandsdóttir et al., 1997). Directly underneath the caldera a low-velocity zone, with a S-velocity of 2 km/s, is observed at a shallow (0-3 km) depth, stretching southwest of the caldera. The low velocity zone sits between the high velocity zones. Earthquakes prior and during to the 2010 summit eruption (see Figure 1 caption) were situated within the conduit underneath the low-velocity zone (Tarasewicz et al. 2012) whereas earthquakes located prior to the Fimmvörðuháls eruption (see Figure 1 caption) (Tarasewicz et al. 2014) all occurred west of the eastern high-velocity zone.




Figure 1. Vertical shear velocity profiles. The location of the cross sections are shown as blue lines on the left. The inverted triangles mark the summit caldera. Gray, black and purple circles are earthquakes from March 5th-20th, April 13th-14th, and May 2010 respectively.

Áhrif eldgossins í Bárðarbungu 2014 til 2015 á styrk og framburð leystra efna í Fellsá í Fljótsdal.

Eydís Salome Eiríksdóttir^{1,2}, Iwona M. Galeczka^{1,3} og Sigurður Reynir Gíslason¹

¹Jarðvísindastofnun Háskólans, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík

²Veiðimálastofnun, Árleynir 22, 112 Reykjavík, ese@veidimal.is

³Íslenskar orkurannsóknir, Grensásvegur 9, 108 Reykjavík

Eldsumbrotin í Bárðarbungu 2014–2015 stóðu yfir í um sex mánuði og voru hin mestu á Íslandi í yfir 200 ár. Um $1,6 \text{ km}^3$ af hrauni mynduðust í umbrotunum og gasstreymi var mikið. Í heildina losnuði um 11 milljón tonn af SO_2 , 6 milljón tonn af CO_2 og 100 þúsund tonn af HCl til andrúmslofsins (Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 2015). Þessar gastegundir mynda sýrur í snertingu við raka andrúmsloftsins og geta haft áhrif á yfirborðsvatn og lífríki þess. Þessi rannsókn miðaði að því að meta áhrif eldsumbrotanna á dragá á áhrifasvæði þeirra og varð Fellsá við Sturluflöt í Fljótsdal fyrir valinu þar sem mikið er til af gögnum var safnað úr Fellsá á árunum 1998 til 2013. Einnig er rennsli Fellsár vaktað af Veðurstofu Íslands sem gefur möguleika á að meta efnaframburð árinna. Osmótískur sýnasafnari (Jones o.fl. 2015) var notaður til vöktunar frá apríl til ágúst 2015 og var samfelld vatnssýnasöfnun yfir allan þann tíma. Niðurstöður mælinganna frá 2015 voru bornar saman við eldri gögn úr Fellsá til að meta hugsanleg áhrif af völdum eldgossins á vatnsfallið.

Styrkur leystra aðalefna og ýmissa snefilefna, ásamt pH gildi vatnsins voru mæld í rannsókninni. Áhrif rennslis á mælda þætti voru metin og framburður leystra efna reiknaður og borinn saman við eldri gögn. Niðurstöðurnar sýna að leysingavatn á vatnasviðinu var súrara sumarið 2015 en á tímabilinu 1998 til 2013. Styrkur Cl og SO_4 var einnig hærri en styrkur annarra aðalefna var sambærilegur við eldri sýni. Styrkur mældra snefilefna 2015 var oftast svipaður og í eldri sýnum.

Vorið 2015 var kalt á Austurlandi og leysingar á vatnasviði Fellsár hófust ekki fyrir alvöru fyrr en um miðjan júní, eða mánuði seinna en að meðaltali á árunum 1998 til 2013. Það olli því að framburður Fellsár óx ekki fyrr en um miðjan júní. Framburður leystra aðalefna var svipaður og í meðaltalsári nema framburður H^+ og súlfats (SO_4^{2-}) sem var tvöfalt hærri og framburður Cl^- sem var 40% hærri en í meðalári. Klór og súlfat í úrkomu á Íslandi eru yfirleitt sjávarættuð en að auki er súlfat ættað frá jarðhitasvæðum og vegna manngerðra þátta. Aukin ákoma þessara efna á áhrifasvæði eldsumbrotanna, vegna kvikuafgösumar, jók styrk þeirra í leysingavatninu á vatnasviði Fellsár. Hlutfallsleg aukning klórs var minni en súlfats þar sem styrkur klórs er 10–30 sinnum hærri en súlfats í Fellsá. Klór-aukningin í Fellsá 2015, miðað við að Cl sé á formi HCl , stendur undir tvöfalt hærri H^+ ákomu en súlfat-aukningin á sama tíma, ef gert er ráð fyrir að súlfatið sé á formi H_2SO_4 . Þetta er þrátt fyrir að mólhlutfall SO_2/Cl í gosmekkinum hafi verið um 60 (massahlutfallið var um 100) (Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 2015). Þessar mælingar á ákomuaukningu á vatnasviði Fellsár benda til þess að oxun SO_2 yfir í SO_4 sé fremur hægt ferli við þær aðstæður sem ríktu á meðan gosinu stóð.

Í meðaltalsári er pH gildi í Fellsá frá apríl til ágúst 7,4 en var 7,1 sumarið 2015 eftir eldgosinu í Bárðarbungu (spönnin var 6,69 til 7,56). Styrkur margra málma, t.d. áls (Al), er mjög háður pH gildi en styrkur þess var alltaf lágur og fór aldrei yfir $0,8 \mu\text{mol/l}$ sumarið 2015. Til samanburðar var meðalstyrkur Al $0,2 \mu\text{mol/l}$ í Fellsá á árunum 1998 til 2013 og frá $0,2$ til $8,7 \mu\text{mol/l}$ efst í Elliðaám árið 1998 (Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 1998). Styrkur

Vorráðstefna Jarðfræðafélags Íslands
8. apríl 2016

annarra málma sem mældur var í sýnum úr Fellsá frá 2015 var einnig lágur, en þó lítillega hærri en á meðalsári.

Heimildir:

Jones M., Galeczka I., Gkritzalis-Papadopoulos A., Palmer M. R., Mowlem M. C., Vogfjörð K., Jónsson Þ., Gíslason S. R., 2015. Monitoring of jökulhlaups and element fluxes in proglacial Icelandic rivers using osmotic samplers. *JVGR*, 291, 112–124.

Sigurður Reynir Gíslason, Björn Þór Guðmundsson og Eydís Salome Eiríksdóttir (1998). Efnasamsetning Elliðaónna 1997 - 1998. Raunvísindastofnun Háskólans, RH-19-98, 100 pp.

Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 2015. Environmental pressure from the 2014–15 eruption of Bárðarbunga volcano, Iceland. *Geochemical Perspectives Letters*, 1. 84–93.

Hvað olli hlaupinu frá Hamarskatlinum í vestur Vatnajökli í júlí, 2011?

Eyjólfur Magnússon¹, Finnur Pálsson¹, Magnús T. Guðmundsson¹,
Þórdís Högnadóttir¹ og Cristian Rossi²

1) Jarðvísindastofnun Háskólans

2) Remote Sensing Institute, German Aerospace Center (DLR)

Við greinum frá rannsókn á Hamarskatlinum og nágrenni hans byggða á íssjármælingum sem gerðar voru 2013-2015 og fjölda yfirborðskorta sem sýna þróun ketilsstæðisins í aðdraganda hlaupsins og í hlaupinu sjálfu. Engar markverðar hæðarbreytingar greinast á ketilstæðinu þann tíma sem tiltæk hæðarkorta fyrir hlaup spanna, þ.e. yfir 13 mánuði þar til 6 dögum fyrir hlaup. Ef um slíkar hæðarbreytingar var að ræða sem náðu yfir stóran hluta Hamarsketilsins voru þær tæpast meira en 1 m. Á sama tíma er áætlað að umtalsvert meira yfirborðsleysingarvatn hafi runnið til Hamarsketilsins en heildarrennsli hlaupsins. Ef það vatn hefði að einhverju marki safnast fyrir undir ketilstæðinu hefði það greinst beint sem yfirborðshækkun. Því er ljóst að svo til öll yfirborðsleysing sem kom af vatnasviði ketilsins sumarið 2010 rann fram hjá ketilsvæðinu. Einnig er erfitt að skýra af hverju botnbráð mynduð beint undir katlinum hefði átt að vera eftir þegar svo virkt gegnumrennsli undir ketilstæðinu var í gangi. Ef vatnsgeymir undir ketilstæðinu var þegar til staðar vorið 2010 hefði sá geymir þurft að vera í rennslisjafnvægi þ. a. vatnsborð hans væri stöðugt þrátt fyrir breytilegt rennsli gegnum hann. Tilvist slíks vatnsgeymis verður að teljast ólíkleg. Þær athuganir sem hér eru settar fram benda því til að mest af vatninu sem kom niður í hlaupinu hafi verið staðbundin botnbráð mynduð 0-6 dögum fyrir hlaupið.

Hæðarbreytingar í katlinum sem spanna tímabilið frá 6. júlí, 2011 (6 dögum fyrir hlaup) til 11./27. ágúst sama ár (samsett hæðarkort) sýna hæðarbreytingar í og kringum ketilinn sem svara til rösklega 25.5 ± 2.1 milljón m^3 af ís. Einnig sést veruleg hæðarbreyting á jökulyfirborði yfir flóðfarvegi hlaupsins. Sú breyting svarar til um 2 metra lækkunar að jafnaði yfir þann hluta hlaupfarvegsins sem bæði hæðarkort spanna (um 6 km af um 8 km löngum farvegi). Rúmmál þessarar hæðarbreytingar er um 7.6 ± 1.9 milljón m^3 . Ef gert er ráð fyrir að ofangreindar rúmmálsbreytingar svari til íss sem bráðnaði og skilaði sér sem hlaupvatn gerir það um 23 ± 2 milljón m^3 (23 ± 2 Gl) frá katlinum og 7 ± 2 milljón m^3 (7 ± 2 Gl) frá farvegi hlaups sem er góðu samræmi við innrennsli jökulhlaupsins í Hágöngulón (~30 Gl) áætlað út frá vatnshæð og samtíma rennsli úr lóninu. Lækkun jökulyfirborðs í hlaupinu yfir farvegi þess er erfitt að skýra öðruvísi en að hlaupvatnið sem fór undan katlinum hafi verið að minnsta kosti $15^\circ C$ heitt. Nærtækasta skýringin á svo miklum hita á hlaupvatninu er að gosið hafi undir katlinum þó hér verði aðrar skýringar ekki útilokaðar. Íssjármælingarnar sem nýttar voru til að kortlagningar á jökulbotninum sýna hæðótt botnlandslag undir og í nágrenni Hamarsketilsins. Undir miðju meginketilsins sem myndaðist við jökulhlaupið í júlí 2011, er hóll sem metin er ~3 milljónir m^3 . Ef hann myndaðist í eldgosi við jökulbotn sem olli jökulhlaupinu í júlí 2011, gætu gosefnin sem hlóðu hann upp borið með sér varma sem nægði til að mynda það vatn sem skilaði sér niður í hlaupinu ef varmi gosefnanna er að mestu nýttur til bræðslu íss fyrir og í hlaupinu.

Mælingar á radoni í heitu og köldu vatni

Finnbogi Óskarsson og Ragnheiður St. Ásgeirsdóttir

Íslenskum orkurannsóknnum (ÍSOR)

Radon (Rn) er geislavirk lofttegund sem myndast í náttúrunni við klofnun radíumkjarna (Ra), en bæði radon og radíum eru millistig í hrönnunarkerkjum úrans (U) og þóríums (Th) sem enda í hinum ýmsu samsætum blýs (Pb). Af 39 þekktum samsætum radons hafa aðeins fjórar helmingunartíma lengri en klukkustund. Þeirra stöðugust er ^{222}Rn sem er í hrönnunarkerkju ^{238}U og hefur helmingunartíma 3,82 daga. Radon telst til eðalgasa og er líkt og önnur eðalgös afar tregt til myndunar efnasambanda. Því leitar það út í jarðgas eða grunnvatn þegar það myndast í jarðskorpunni. Radongas hefur hvorki lit, bragð né lykt.


Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR) hafa frá vori 2014 haft að láni frá Læknadeild Háskóla Íslands tvö tæki til greininga á ^{222}Rn í lofti, vatni og jarðvegi. Tækin voru fyrst um sinn aðallega notuð til að greina radonvirkni í sýnum sem ÍSOR safnaði af öðrum ástæðum, til dæmis vegna eftirlits með efnasamsetningu hitaveituvatns og neysluvatns. Sumarið 2015 fékkst styrkur frá Rannís til frekari sýnatöku, meðal annars af neysluvatni á Austfjörðum og Vestfjörðum, af vinnslusvæðum hitaveitna Orkuveitu Reykjavíkur og fleiri stöðum sem ÍSOR á ekki reglulega leið um. Alls var radonvirkni mæld í 142 slíkum vatnssýnum árin 2014 og 2015.

Vatnssýnum til radongreininga var safnað á hreinar, loftþéttar 250 mL glerflöskur, sem voru að auki skolaðar þrisvar sinnum upp úr vatninu áður en fyllt var á þær. Sýnum úr borholum var safnað við holutopp eða úr lögn frá borholu fyrir afloftun. Sýnum úr lindum var safnað neðan vatnsborðs með dælu. Sýni af vatni heitara en 30°C voru leidd gegnum kælispiral og þau kæld niður fyrir 30°C fyrir söfnun.

Sýnin voru í öllum tilfellum greind innan 24 klst. frá sýnatöku, á mælitæki af gerðinni Durrige RAD7. Greiningarnar fóru þannig fram að þurru lofti var hringblásið ofan í flöskuna og gegnum mælitækið í 5 mínútur, til að losa radongasið úr vatninu, og svo voru α -sundranir frá ^{222}Rn og dótturkjarna þess ^{218}Rn taldar í 20 mínútur. Talið var fjórum sinnum fyrir hverja flösku. Almenn var heitum sýnum safnað í tvítaki en köldum í eintaki. Í þeim tilfellum sem sýnum var safnað í tvítaki voru þau greind samhliða á báðum tækjum, til að kanna hvort kerfisbundinn munur væri milli niðurstaðna sem tækin gefa. Munurinn milli flaskna sama sýnis var alla jafna innan við 5%. Afstætt staðalfrávik mælinga er að jafnaði um 30% en spannar bilið 6–200% og er eðlilega hæst fyrir sýnin sem hafa lægsta radonvirkni.


Eins og sjá má á mynd 1 mega flest radongildin teljast fremur lág en þau spanna allt frá 0 og upp í tæplega 11 Bq/L, bæði í heitu og köldu vatni. Hæsta gildi sem mældist í köldu vatni var 10,6 Bq/L í vatni úr kaldri uppsprettu í Svínadal en það er nýtt sem neysluvatn fyrir íbúa Búðardals og nágrennis en gildi hærri en 5 Bq/L mældust einnig á Grund í Eyrarsveit (7,4 Bq/L), á Seleyri í Borgarfirði (6,5 Bq/L) og á Þingeyri (5,4 Bq/L). Innan gosbeltanna er radonvirkni minni en 1 Bq/L í meirihluta sýnanna. Miðgildi fyrir köldu sýnin (67 sýni) var 0,71 Bq/L og meðaltal 1,58 Bq/L.

Í heitu vatni mælast gildi hærri en 5 Bq/L á átta stöðum; á Drangnesi (10,8 Bq/L), á Hrafnagili í Eyjafirði (10,1 Bq/L), á Flúðum (9,8 Bq/L), á Reykjum og Borðeyri í Hrútafirði (7,8 og 6,2 Bq/L), í Kaldárholti (6,8 Bq/L), á Reykjum á Reykjabraut (5,6 Bq/L) og á Barði í Fljótum (5,5 Bq/L). Allir þessir staðir liggja sömuleiðis utan gosbeltanna en Flúðir og Kaldárholt eru á Suðurlandsskjálftabeltinu. Hinir staðirnir sex eru á Norðurlandi, þar af fjórir við Húnaflóa. Miðgildi heitu sýnanna (75 sýni) var 1,53 Bq/L en meðaltal 2,39 Bq/L.



Mynd 1. Yfirlitskort af öllum vatnssýnatökustöðum.

Mynd 2 sýnir sambandið milli mældrar radonvirkni og hitastigs vatnssýnanna. Þar sést að hæstu radongildin mælast við hitastig allt frá 2,6°C upp í 97°C en sé litið fram hjá allra hæstu punktum má greina að radonvirkni lækkar heldur þegar nær dregur suðumarki vatns og flest sýni sem hafa hitastig yfir 100°C hafa radonvirkni 2 Bq/L eða lægri. Heitasta sýnið, sem er úr holu 23 á Efri-Reykjum í Biskupstungum (145°C), hefur radonvirkni sem er ekki marktækt frábrugðin núlli ($0,03 \pm 0,03$ Bq/L).



Mynd 2. Samband milli radonvirkni og hitastigs vatnssýna.

Ekki er kveðið á um hámarksvirkni radons í reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 en í tilskipun Evrópusambandsins nr. 2001/928 frá 20. desember 2001 eru aðgerðamörk vegna radonvirkni í almenningvatnsveitum tilgreind við 100 Bq/L, sem er um tífalt herra en hæstu gildi sem mældust í þessari rannsókn og liðlega hundraðfalt miðgildi köldu vatnssýnanna. Sama tilskipun tilgreinir 1000 Bq/L sem aðgerðamörk fyrir einkaveitur.

FUTUREVOLC: Overview of results and products

Freysteinn Sigmundsson¹, Kristín Vogfjörð², Stéphanie Dumont¹,
Hrafnhildur Valdimarsdóttir², Magnús Tumi Guðmundsson¹, Ingvar
Kristinsson², Sue Loughlin³, Einar Pétur Heiðarsson⁴, Ágúst Gunnar
Gylfason⁴, Björn Oddsson⁴, Evgenia Ilyinskaya⁵, Andy Hooper⁵, Bob
White⁶, Chris Bean⁷, Arve Kylling⁸, Fred Prata⁹, Maurizio Ripepe¹⁰,
Frank Marzano¹¹, Claire Witham¹², Bo Galle¹³, Aofie Braiden⁷,
Sigrún Hreinsdóttir¹⁴, Benedikt G. Ófeigsson², Elías Rafn
Heimisson¹, Vincent Drouin¹, Ármann Höskuldsson¹, Sara Barsotti²,
Matthew J. Roberts², Kristín Jónsdóttir², Þórdís Högnadóttir¹,
Michelle Parks¹, Tobias Durig¹

¹ Nordic Volcanological Center, Institute of Earth Sciences, University of Iceland

² Icelandic Meteorological Office, Reykjavík, Iceland

³ British Geological Survey, UK

⁴ Department of Civil Protection and Emergency Management, National Commissioner of the Icelandic Police

⁵ University of Leeds, UK

⁶ University of Cambridge, UK

⁷ University College Dublin, Ireland

⁸ NILU – Norwegian Institute for Air Research, Norway

⁹ Nicarnica Aviation, Norway

¹⁰ University of Florence, Italy

¹¹ Sapienza University of Rome, Italy

¹² Met Office, UK

¹³ Chalmers University of Technology, Sweden

¹⁴ GNS Science, Avalon 5010, Lower Hutt, New Zealand

FUTUREVOLC was a 26-partner project funded by the FP7 Environment Programme of the European Commission, addressing the topic, “Long-term monitoring experiment in geologically active regions of Europe prone to natural hazards: the Supersite concept”. The supersite concept implies integration of space and ground based observations for improved monitoring and evaluation of volcanic hazards, and an open data policy. The project was led by the University of Iceland together with the Icelandic Meteorological Office. Aims of the project were to (i) establish an innovative volcano monitoring system and strategy, (ii) develop new methods for near real-time integration of multi-parametric datasets, (iii) apply a seamless transdisciplinary approach to further scientific understanding of magmatic processes, and (iv) to improve delivery, quality and timeliness of transdisciplinary information from monitoring scientists to civil protection. Unrest and volcanic activity during 2014-2015 in the Bárðarbunga volcanic system, offered unique opportunities to this large consortium. The events influenced the project, and provided opportunities to test equipment and methods for analysis, derive new scientific understanding and improve communication systems. The response to, and studies of, the Bárðarbunga rifting event and eruptions, along with other extensive work was reported in a total of 51 deliverable reports. Contributions have been made to the achievement of all of the ambitious objectives of FUTUREVOLC. An overview of these results and products will be given.

<http://futurevolc.hi.is>

<http://futurevolc.vedur.is>

http://futurevolc.hi.is/sites/futurevolc.hi.is/files/Pdf/vedurstofan_futurevolc_baeklingur.pdf

Cation exchange capacity (CEC) analysis in well KJ-18 in Krafla and HE-42 and HE-46 on Hellisheiði, and the relation to electrical resistivity logs and alteration mineralogy

Heimir Ingimarsson¹, Tobias Björn Weisenberger¹, Gylfi Páll Hersir¹ and Ólafur G. Flóvenz¹

¹Iceland GeoSurvey (ÍSOR), Grensásvegur 9, 108 Reykjavík

Resistivity models based on TEM (Transient Electro Magnetic) and MT (Magnetotelluric) soundings are widely used in geothermal exploration to select sites for exploration drilling. Árnason et al. (1987a, b) showed that the structure of the resistivity model within the Nesjavellir high-temperature field in SW Iceland mimic the dominant alteration mineralogy conditions in the subsurface. Thereby the typical observed boundary between the low resistivity cap and the underlying resistive core in high temperature systems could be related to change in secondary minerals having different cation exchange capacity (CEC), i.e. from smectite dominated cap rock to chlorite dominated core (Árnason and Flóvenz 1992).

Alteration minerals with a high CEC favour the conduction of an electrical current between the pore fluid and the pore walls in the rock. This interface or surface conduction is caused by the highly mobile ions that form a conductive layer on the surface of the pore walls. The mobility of ions is thereby related to the CEC of the mineral phase. The higher the CEC the higher is the interface conduction. Nevertheless, electrical conductivity can also be affected by other parameters: (i) degree of fluid saturation, (ii) conductivity of the rock matrix, (iii) salinity of the pore fluid, (iv) water–rock interaction and the mineral assemblage, alteration, (v) temperature, (vi) porosity and the pore structure of the rock, and (vii) type of pore fluid like the content of water, steam, gas, and oil (Flóvenz et al. 2012).

The aim of this task within the Integrated Methods for Advanced Geothermal Exploration (IMAGE) project is to assess the sensitivity of exploration techniques by a quantitative link between chemical properties of fluid/rock and electrical resistivity. Three wells from two geothermal fields in Iceland had been selected to compare resistivity logs with CEC values. Well KJ-18 in Krafla and wells HE-42 and HE-46 on Hellisheiði. Several resistivity logs have been carried out in well KJ-18, including resistivity time series during the heating of the well. Well HE-46 was selected as it exhibits a well-defined low resistivity cap. The CEC is measured on drill cuttings, whereas the CEC is a direct proxy of the degree and type of alteration of the volcanic rocks. Rock sampled within the smectite alteration zone yields the highest CEC, whereas rocks within the chlorite zone or even epidote-actinolite zone results in a significant lower CEC corresponding lower conductivity. The CEC, resistivity logs and temperature profiles are compared to quantify the degree of physical and chemical parameters that control the electrical conductivity. This allows to quantify the direct influence of those parameters and assess the sensitivity of exploration techniques by a quantitative link between chemical properties of fluid/rock and electrical resistivity.

References:

